

| | | | |
|--|--|-------------------------------------|-------------------|
| FUNDARGERÐ | Tilfni funda Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland að Fjallabaki - Gönguleiðir | | Síða 1 |
| Dags. funda 5.10.20 | Tími 14:00-16:00 | Staður Fjarfundur á Teams | Nr. fundar |
| Fundarboðandi Umhverfisstofnun | Fundarritari Aron Geir Eggertsson | | |

Fundarmenn

Aron Geir Eggertsson (UST), Hákon Ásgeirsson (UST), Guðni Olgeirsson, Skúli H. Skúlason, Ólafur Örn Haraldsson, Guðmundur Árnason, Engilbert Olgeirsson og Þorsteinn Jónsson.

Staða vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Friðlands að Fjallabaki er sú að verið er að vinna úr athugasemdum sem bárust vegna hennar. Einnig stendur til að fara dýpra í ákveðna þætti í áætluninni með hagsmunaaðilum sem til málanna þekkja. Tílefni þessa fundar er að fara yfir tillögur að gönguleiðum í friðlandinu sem settar hafa verið á kort. Einnig að fara yfir þær sérreglur sem lagt er til í áætluninni er varðar umferð gangandi fólks um friðlandið.

- Bent er á að UST hefur fengið nákvæmari hnit af hverasvæðum frá ÍSOR. Með þessum nýju gögnum verður hægt að útfæra nákvæmara svæðisskiptingu eftir verndargildi og viðkvæmni náttúruminja.
- Skúli nefnir að gönguleiðakort nái yfir helstu gönguleiðir í og við friðlandið .
- Guðni nefnir að enn séu eldri hnit notuð á gönguleiðum og Ingibjörg (hjá Eflu) ætti að eiga nýrri hnit. Líklega eru þó allar leiðir inn á kortinu en sumar leiðir hafa breyst.
- Gönguleiðin Landmannalaugar – Dalakofi. Væri ágætt að hún væri stikuð eða gefin út viðurkennd trökk af leiðinni sem fólki gæti sótt sér. Guðni bætir við að verið sé að ganga frá riti sem heitir „Dalastígurinn“ sem bíður útgáfu og trökkinn úr bókinni hafa borist til Ingibjargar hjá Eflu.
- Mikilvægt að stika leið inn að Grænahrygg vegna aukinnar umferðar.
- Gönguleið sem liggur í gegnum hverasvæði við Jónsvörðu, lagt til að láta leiðina ekki liggja þar í gegn heldur upp með Jónsvörðu. Til er sem Ingibjörg er með.
- Engilbert telur mikilvægt að gönguleiðir séu tengdar skálasvæðum, jafnt innan og utan friðlandsins. Skúli tekur undir og má þar meðal annars tengja við gönguleið í Hungurfit. Hákon tekur undir mikilvægi þess en minnir á að UST er ábyrgt fyrir viðhaldi stíga innan friðlandsins en ekki utan þess en gott væri að gera samstarfshóp til að gæta samræmis milli gönguleiða innan og utan friðlands.
- Umræða um hvernig best sé að nálgast „faldar perlur“ hvort eigi að byggja innviði til að vernda svæðin eða hvort betra sé að reyna að halda þeim leyndum. Megin stefna er að reyna að halda svæðinum eins náttúrulegum og hægt er og að uppbygging innviða falli eins vel að náttúrunni og kostur er. .

Svæðisskipting

- Guðmundur bendir á hversu erfitt getur reynst að ákveða hvaða leið þú ætlar að fara þegar þú ferð á vélsleða að vetri. Færi getur verið mjög breytilegt og því nauðsynlegt að svigrúm sé til að finna bestu og öruggustu leiðina án þess að eiga á hættu að þurfa að fara inn á bannsvæði.
- Samhugur í samstarfshóp að svæði 1 sé of stórt.
- UST mun vinna áfram með tillögu að svæðisskiptingu með hliðsjón af nýjum gögnum frá Ísor.

Tjaldsvæði/Tjaldstaðir

- Hákon fer yfir hugmynd um að skipuleggja tjaldstaði, þ.e. staði sem ferðamenn geta mögulega fengið heimild til að setja upp tjald á skilgreindum stað í samráði við landvörð eða umsjónaraðila friðlandsins. Tjaldstaðir eru án þjónustu..

- Skúli og Ólafur telja ekki gott ef lokað er fyrir að gestir geti gist utan skilgreindra tjaldsvæða svo fremi sem það skilur við svæðið eins og þau komu að því. Á sama tíma þurfi að vera ákvæði sem tryggir að fólk tjaldi ekki rétt utan þeirra svæða sem merkt eru sem tjaldsvæði nú þegar og fólki sé frekar stýrt inn á skipulögð tjaldssvæði.
- Engilbert ræðir möguleika þess að hópar séu ekki að fara inn á svæði og tjalda nema vera með staðkunnuga með sér.
- Umræða um að merkja inn svæði þar sem hægt væri að tjalda á „frumstæðum“ svæðum. Guðni telur að það gæti snúist upp í andhverfu sína. Hvað með rusl, missa svæðin sérstæði sitt, o.fl.?
- Hákon fer þá yfir að á slíkum svæðum þyrftu að vera strangar reglur um að fólk gangi vel um og þyrfti að hafa samráð við landvörð eða umsjónaraðila svæðisins.
- Samhljómur í hópnum með að líklegt til árangurs væri ef tjaldstaðir yrðu skilgreindir og þyrfti að hafa samráð til að tjalda á þessum svæðum. Þá væri ákveðin „krítería“ sem þyrfti að uppfylla og þessi svæði yrðu ekki merkt inn á kort.
- UST óskar eftir því samstarfshópur geri tillögur að tjaldstöðum og sendi á Hákon.

Hjólaleiðir

- Samstarfshópur sammála þeim stöðum þar sem hjólaleiðir eru óheimilar.

Næstu skref

UST vinnur frekar að svæðisskiptingu með hliðsjón af nýjum göngum frá Ísor og sendir tillögu á samstarfshóp.

Hópurinn sendir Hákonni tillögur að leiðum sem þarf að stika og tillögu að tjaldstöðum.

Fundi slitið 15:56